

## REGLUGERÐ

### um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum.

#### 1. gr.

##### *Gjaldtaka.*

Innheimta skal gjald af skipum vegna losunar úrgangs og farmleifa í höfn sbr. f-lið 1. tölul. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga, nr. 61/2003. Gjaldið skal standa straum af kostnaði við móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs og farmleifa frá skipum.

Fjárhæð gjalds skal ákveðin í gjaldskrá hafna. Í gjaldskránni skal jafnframt getið um lágmarks-gjald fyrir losun úrgangs í höfn. Við ákvörðun fjárhæðar gjalds skal tekið mið af fjölda skipakoma þeirra skipa sem ætlað er að greiða gjaldið í höfn árið áður, auk viðmiða skv. 3. gr. reglugerðar þessarar.

#### 2. gr.

##### *Lækkun gjalds.*

Gjald skv. 1. gr. reglugerðar þessarar má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð.

#### 3. gr.

##### *Viðmið við ákvörðun fjárhæðar gjalds.*

Þegar gjald er ákvarðað vegna losunar olíu, sorps og skólps í höfnum skal gjald reiknað á hvert brúttótonn skips auk þess sem mögulegt er að taka mið af fjölda daga frá síðustu viðkomu í höfn.

Þegar um er að ræða skemmtiferðaskip og farþegaferjur með fleiri en 500 farþega er heimilt að innheimta gjald vegna losunar sorps/skólps sem tekur mið af fjölda farþega/áhafnar um borð auk fjölda daga frá síðustu viðkomu í höfn en gjald fyrir losun olíuúrgangs skal greitt skv. 1. mgr.

#### 4. gr.

##### *Undanþágur.*

Undanþegin gjaldtöku skv. 1. gr. reglugerðar þessarar, eru fiskiskip, skemmtibátar sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, herskip, hjálparskip í flota, skip sem þjónusta fiskeldi, skip í ríkiseign og skip í ríkisrekstri sem nýtt eru í þágu hins opinbera.

Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalds skv. 1. gr. reglugerðar þessarar, skipum í áætlunarsiglingum sem hafa tíða og reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í einhverri höfn á siglingaleiðinni sbr. 2. másl. 3. mgr. 11. gr. c. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Skip sem keypt hafa olíu sem greitt hefur verið af úrvinnslugjald skv. lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald eru undanskilin greiðslu gjalds vegna losunar olíu. Í þeim tilvikum er undanþága skv. 2. másl. 3. mgr. 8. gr. laga um úrvinnslugjald á við þarf ekki að greiða gjald vegna losunar olíu.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi, er sett með stoð í 4. mgr. 11. gr. c laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Reglugerðin öðlast gildi 31. desember 2014.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 19. desember 2014.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Hugi Ólafsson.*